

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 6. janúar 2023  
Mnr. 2022100001



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Endurskoðun stofnvirðis viðauki 2023

### Samningur 12. desember 2022

Þann 12. desember síðastliðinn var undirritaður samningur við Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða heses., kt. 511022-0880 um stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir til uppbygginga.

Samkvæmt samþykktum samningi nam stofnvirði 778.321.226 og 12% stofnframlag Ísafjarðarbæjar kr. 93.398.547,-

### Gjöld greidd til Ísafjarðarbæjar

Í viðauka 3 sem gerður var árið 2022 voru gatnagerðagjöld, byggingaleyfisgjöld og mæla og tengigjöld 20,3 m.kr. Þetta miðaðist við stærð samkvæmt frumáætlunum.

Byggingaleyfisgjöldin voru gefin út 2022 og námu kr. 817.324,- Gatnagerðagjöld, mæla og tengigjöld hafa ekki verið gefin út.

Nýjir útreikningar gjalda út frá endanlegu nýtingarhlutfalli deiliskipulags. Gatnagerðagjöld af fjölbýlishúsi er 4,5%. Viðmiðunarfermetrinn í desember 2022 útleiggst á 275.056 kr þannig að fermetrinn í gjaldskrá Ísafjarðarbæjar er 12.377 kr. Gjaldskráin miðast við leyfilegt byggingarmagn skv. skipulagi sem í tilfelli nemendagarðanna er 3.405 fm.

Gatnagerðargjöldin eru því  $12.377 \text{ kr} * 3.405 \text{ fm} = 42.143.685 \text{ kr}$ .

Mæla og tengigjöld vatnsveitu, tveir matshlutar m.v. 50 mm inntaksgjald/heimæðagjald kr  $2 * 653.995 \text{ kr} = 1.307.990$

Heildar gatnagerðagjöld, byggingaleyfisgjöld og mæla og tengigjöld m.v. ný gjöld verða því til greiðslu á árinu 2023 kr. 43.451.675,-

### Endurmat á stofnvirði

M.v. nýtt stofnvirði kr. 971.439.041,- yrði 12% hlutur Ísafjarðarbæjar kr. 116.572.685,- eða viðbót um kr. 23.174.138,-

Gert var ráð fyrir að tekjur vegna gatnagerðagjalda og mæla og tengigjalda myndu skila sér árið 2022 og var því ekki gert ráð fyrir þessum tekjum í áætlun 2023. Áætlaðar tekjur gatnagerðagjalda árið 2023 eru 24 m.kr.

Áætluð stofnframlög í áætlun 2023 nema kr. 116.936.800,- og hækka þá í kr. 145.006.460,- Það er annarsvegar stofnframlag vegna nemendagarða á Flateyri kr. 28.433.775 sem

undirritað var í september 2022, og hins vegar stofnframlag vegna stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða sem yrði nú kr. 116.752.685,-